

# Morgunblaðið

LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR 2012

• Stofnað 1913 • 35. tölublað • 100. árgangur •



Morgunblaðið/Eggert

## Dásamlega skelfilegar draugasögur heilla börnin

Í gærkvöldi var mikið um að vera í borginni þegar Vetrarhátíð stóð sem hæst. Meðal ótal viðburða á Safnanótt var

draugasögustund í Borgarbókasafni Reykjavíkur. Gestir fengu vasaljós og nutu myrkursins inni á safninu og yngstu

krakkarnir hlustuðu agn dofna á hrollvekjandi sögu um draugahús í skógi sem lesin var upp á barnadeild safnsins.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Baugur Stefán Hilmarsson.

## Fengu lán úr sjóðum

● Hafnar því að lánin hafi verið ólögsmæt

Fram kom í dómi sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag að ólögsmæt lán hefðu verið tekin úr styrktarsjóðum Baugs til að fjármagna daglegan rekstrar-kostnað. Stefán H. Hilmarsson, fv. fjármálastjóri Baugs, hafnar þessu, en segir að það geti vel verið „að þetta hafi verið örfáar milljónir í tvo til þrjá daga, eitthvað algjörlega tilfallandi, en þá var það bara í ávöxtunarskyni fyrir viðkomandi sjóð sem var að ávaxta sitt lausafé“. Jón Ásgeir neitar í yfirlýsingu að peningar hafi verið teknir til að fjármagna daglegan kostnað hjá Baugi líkt og komi fram í dómnum. Baugur hafi lánað sjóðnum fyrir vefsíðugerð og fengið það endurgreitt. »12

# Lífeyrissjóðirnir bjóða í krónur

- Íslensku lífeyrissjóðirnir selja evrur til að losna undan skatti
- Bjóða fram 200 milljónir evra í gjaldeyrisútboði Seðlabanka

Helgi Bjarnason  
helgi@mbl.is

Væntanlegur hagnaður af gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands sem lífeyrissjóðirnir munu taka þátt í verður notaður til að fjármagna hlut lífeyrissjóðanna í sérstökum vaxtabótum. Gangi þetta eftir mun sérstakur skattur á hreina eign lífeyrissjóðanna falla niður og það sem innheimt hefur verið verða endurgreitt.

Lífeyrissjóðirnir hafa fallist á það með samkomulagi við fjármálaráðherra að bjóða fram allt að 200 milljónir evra í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans á komandi mánuðum og fá greitt fyrir í ríkisbréfum. Útboðin eru liður í viðleitni Seðlabankans að koma jafnvægi á gjaldeyrismarkaðinn og afnema höft. Gjaldveyrinum verður svo skipt út fyrir aflandskrónur í nýju útboði. Gjaldveyrismuninum verður skilað til ríkissjóð þar sem hann kemur í staðinn fyrir 2,8 milljarða kr. eignarskatt sem leggja áttí á lífeyrissjóðina 2011 og 2012.



Arnar Sigurmundsson



Oddný G. Harðardóttir

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, tekur fram að þátttaka í gjaldeyrisútboðunum þurfi að vera á viðskiptagrundvelli, að lífeyrissjóðirnir sjái sér hag í því að taka þátt. Með því að selja evrur eru sjóðirnir að minnka hlutfall erlendra eigna í eignasafni sínu. Hversu mikið það verður ræðst af stærð útboðanna og hlut annarra. „Aðkoma lífeyrissjóðanna byggist einnig á því að útboðin eru liður í því að afnema gjaldeyrishöft og við viljum leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess,“ segir Arnar.



« FLÓKIN SAMSKIPTI »

15.

febrúar verður fyrsta gjaldeyrisútboðið með þátttöku sjóðanna.


2,8

milljarða kr. sérstakur eignarskattur var lagður á lífeyrissjóðina.

200

milljónir evra eru hlutur sjóðanna í gjaldeyrisútboði Seðlabankans.

„Ef ég hefði fengið sæmami vinnu í Póllandi hefði ég aldrei komið hingað“



■ Sammála	57%
■ Hvorki né	5%
■ Ósammála	35%
■ Veit ekki	3%

## Vildu vera í Póllandi

● Viðhorfin könnuð

Góður meirihluti Pólverja sem tóku þátt í viðtalskönnun sumarið 2010, eða sex af hverjum tíu, kvaðst aldrei mundu hafa flutt til Íslands ef sæmami starf hefði boðist heima fyrir. Könnunin var gerð af MIRRU, rannsóknarsetri í Reykjavík. Leiðir könnunin einnig í ljós að tíundi hver þátttakandi hafði lokið meistaranámi í háskóla og samtals um fimmtungur námi í háskóla. Þátttakendur voru spurðir út í upplifun sína af íslenskum vinnuveitendum og sögðust 56% telja að öðruvísi væri komið fram við sig en heimamenn. »20-21